



Eitt af þússettum Steinunnar.

Ljós. Mbl.: RAX.



Vasar.



Skúlpúrvasi með myndri

## „Miðla fegurðaráhrifum á minn hátt til fólks“

Sýning  
Steinunnar  
Marteinsdóttur  
leirkerasmiðs á  
Kjarvalsstöðum

Mikil aðsókn hefur verið að sýningu Steinunnar Marteinsdóttur leirkerasmiðs á Kjarvalsstöðum, en hún sýnir þar um 100 leirmuni auk teikninga við ljóð Tómasar Guðmundssonar í Stjörnum vorsins. Sýningu Steinunnar lýkur á sunnudagskvöld.

„Flestir þessara muna eru unnir á þessu ári.“ sagði Steinunn. „Það komst verulegur skriður á mig þegar ég hóf vinnu fyrir Hásselby-sýninguna, sem var í lok febrúar og að henni lokinni ákvað ég að halda áfram því striki, sem ég hafði tekið, sérstaklega varðandi postulín og steinleir. Hef satt að segja djöflast í þessu síðan. Þegar fólk er að tala um



Steinunn Marteinsdóttir

að ég hafi breytt, þá tel ég það fyrst og fremst eðlilega þróun frá því sem ég hef verið að gera undanfarin ár. Ég nota allt aðrar aðferðir við brennsluna, en viðfangsefnið minn ég mikið út frá náttúruformum, reyni að miðla fólki í mínu efni á minn hátt þeim fegurð-

aráhrifum sem ég hef orðið fyrir.

Mest eru þetta hlutir sem flokkast undir nytjalist, þótt vasarnir séu á sinn hátt skúlpúrar og byggðir upp eftir lögum höggmyndalistarinnar. Það nýjasta á þessari sýningu eru lágmyndir og ég mun halda áfram á þeirri braut.


Svo er eitt og annað, sem kemur við sögu, t.d. nota ég vikur úr nýja hrauninu í Eyjum til þess að fá ákveðna áferð á glerunginn, en það er áferð sem ég hef lært af kollegum mínum og mér finnst ákaflega skemmtileg.

Sýningin sjálf hefur gengið vel, það er gott að sýna í þessum stóru og björtu göngum og ekki skemmir, að það eru fleiri að sýna í húsinu, líf og fjör í þessu. Hitt er svo, að það eru líklega alltaf mikil læti í manni, næsta sýning með Hásselby-hópnum er á næstu grösunum í Kjarvalsstöðum í sumar, en þetta er skemmtilegt þó það sé erfitt.“


— á.j.



Skálar.



Ungir sýningargestir skoða vasa og skálar.



Gosaugnamynstrið í vösum Steinunnar.